

Emilía Ak-57 útgerð ehf.
Kt.: 470302-2750
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 10.02.2023
Tilv. 2022-10-21-2308

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Vigtarbrot. Emilía AK-57 (2367).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætlað brot skipstjóra fiskiskipsins Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, þann 22. september 2022 gegn reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 745/2016 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er mál þetta varðar var X, kt. [...].

I. Málsatvik

Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu dags. 13. október 2022. Við eftirlit hafi komið í ljós að þegar fiskiskipið Emilía AK-57 (2367) lagðist að bryggju á Akranesi þann 22. september 2022 hafi veiddum afla verið landað en ekki veginn á hafnarvog fyrr en um níu og hálfri klukkustund síðar. Í skýrslu veiðieftirlitsmanns kemur fram að samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS) hafi fiskiskipið Emilía AK-57 (2367) lagt af stað til veiða í umrædda veiðiferð 21. september kl. 17:54 og lagðist að bryggju aðfaranótt 22. september kl. 00:33 við Akraneshöfn. Samkvæmt staðfestum upplýsingum frá Faxaflóahöfnum hafi aflanum verið landað þegar fiskiskipið lagðist að bryggju um kl. 00:33 en aflinn síðan ekki veginn á hafnarvog fyrr en um kl. 10:00 morguninn eftir. Þá kemur fram í skýrslu veiðieftirlitsmanns að hafnarstarfsmenn séu á vakt á Akranesi til kl. 23:00 á kvöldin, en þeir séu á bakvöktum og því sé ekkert því til fyrirstöðu að þeir séu kallaðir til svo hægt sé að vigta landaðan afla í beinu framhaldi og honum er landað. Af þeim sökum er skipstjóri umrædds fiskiskips grunaður um að hafa gerst brotlegur gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 5. desember 2022 (tilv. 2022-10-21-2308), vegna meintra brota skipstjóra fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 7. desember 2022 bárust Fiskistofu athugasemdir í tölvupósti frá Böðvari Ingvasyni framkvæmdastjóra málsaðila. Málsaðili segir mikla samstarfs örðugleika vera milli sín og vigtarmanns Faxaflóahafna á staðnum. Erfitt hafi reynst að fá vigtarmann til að mæta á vigtina á vinnutíma nema hringt sé í hann og hann láti þá oft bíða eftir sér, jafnvel þó stutt sé fyrir hann að fara úr næsta húsi. Af þeim ástæðum hafi tveggja tíma reglan átt á hættu að vera brotin nema málsaðili passaði sérstaklega upp á að kalla til vigtarmann. Þá kvaðst málsaðili reyna halda öllum samskiptum sínum í lágmarki við umræddan vigtarmann enda væru samskipti þeirra erfið. Þá væri yfirmaður umrædds vigtarmanns lítið skárri og jafnframt svaraði hann ekki erindum sem málsaðili hafði sent honum. Að mati málsaðila væri ástandið óásættanlegt og væri það Fiskistofu einnig um að



kenna enda hafi stofnunin verið meðvituð um ástandið. Hvað varðar umrædda löndum sem mál þetta varðaði þá kannaðist málsaðili við að hafa landað á umræddum tíma og hafi hann verið komið til síns heima um kl. 03:00 umrædda nótt. Málsaðili kvaðst hafa tekið þá ákvörðun að kalla ekki út vigtarmann þar sem hann yrði að öllum líkindum lengi að koma (allt að 4 klst.) og með því hafi hann jafnframt sparað Faxaflóahöfnum umtalsverða peninga fyrir útkall. Þá vísaði málsaðili til þess að um væri að ræða krabbaveiðar. Hann hafi komist upp á lag með að geyma krabbann lifandi í kórum með rennandi sjó sem síðan er vigtaður þegar hann er sendur til kaupanda. Fiskistofa hafi áður gert athugasemd við þessa framkvæmd og leiðbeint málsaðila um að vigta þyrfti allan afla strax við löndun. Við því hafi málsaðili orðið þó það hafi haft í för með sér kostnað við að vigta aftur síðar. Málsaðili sagði að lokum að það væri túlkunaratriði hvort löndun sé í raun lokið þegar afla sé haldið lifandi í rennandi sjó eftir að hafa verið hífdur upp á bryggju.

III. Rannsókn Fiskistofu

Haft var samband við Faxaflóahafnir vegna málsins þann 7. febrúar 2023 símleiðis og rætt annars vegar við hafnarstjóra og hins vegar við yfirhafnsögumann. Aðspurðir kváðust báðir kannast við samskipta erfiðleika milli málsaðila og starfsmanna hafnarinnar á Akranesi. Hafi Faxaflóahöfnum borist kvartanir vegna þessa og væri málið í skoðun hjá þeim. Hafnarstjórinn sagði önnur mál og fyrri ágreiningar eflaust hafa leitt til þeirra erfiðu samskipta sem eru til staðar. Tvær hliðar séu á öllum málum og væru ásakanir á báða bóga milli deiluaðila. Yfirhafnsögumaður staðfesti frásögn hafnarstjóra. Að sögn hans myndir málsaðila illa við vigtarmenn á staðnum og samskiptavandinn væri mikill. Á umræddum tíma 22. september (aðfararnótt fimmtudags) hafi hafnarvoginni verið lokað um kl. 22. Opið sé alla virka daga milli 08:00-22:00 og frá 08:00-20:00 um helgar. Utan þess tíma eru vigtarmenn á bakvöktum og komi niður á höfn sé þess þörf. Vigtarmenn séu alltaf á bakvakt, jafnt virka daga sem helgar. Á Akraneshöfn séu tveir vigtarmenn og þeir báðir búsettir á Akranesi. Kæmi til útkalls væru þeir að öllum líkindum innan við hálf tíma að mæta á staðinn. Þegar hringt er í aðal númer Faxaflóahafna er gefið samband við bakvakt. Jafnframt er sólarhringsvakt í hafsögu vaktinni sem hægt sé að hringja í ef ekki næst í vigtarmenn. Ef viðskiptavinir, sem leggja að bryggju eftir að hafnarvoginni lokar, hringja með fyrirvara og láta vita af komu sinni þá getur vigtarmaður verið komin tímanlega svo ekki þurfi að bíða eftir honum. Aðspurðir vísuðu bæði hafnarstjóri og yfirhafnsögumaður því á bug að upp hafi komið tilvik þar sem vigtarmaður hafi ekki sinnt ósk viðskiptavinar um vigtun eða ekki sinnt útkalli, hvorki á vakt né bakvakt.

IV. Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal við vigtunina nota löggilta vog. Í 1. mgr. 9. gr. sömu laga segir að skipstjóra sé skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindu eftir tegundum og honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Jafnframt ber skipstjóra að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Þá segir í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016, sem sett er með stöðum í framangreindum lögum, að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal vigtun afls vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Brot á reglugerð 745/2016 og lögum nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 og reglum settum samkvæmt þeim



jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga.

V. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint liggur fyrir grunur um að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) hafi gerst sekur um vigtarbrot þann 22. september 2022 á Akranesi, með því að hafa ekki látið vigta afla innan tilskilins tíma frá því að löndun lauk. Fyrir liggur að skipið lagðist að bryggju kl 00:33 en aflinn var ekki veginn fyrr en um kl. 10:00 morguninn eftir, en honum bar að vigta aflann innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016. Í athugasemdum sínum vísaði málsaðili til þess að miklir samstarfs örðugleikar væru milli hans og vigtarmanna í umræddri höfn og að málsaðili héldi af þeim sökum öllum samskiptum sínum við þá í lágmarki. Málsaðili viðurkenndi að hafa landað á umræddum tíma og í framhaldinu ekki vigtað aflann fyrr en morguninn eftir. Kvaðst málsaðili hafa tekið þá meðvituðu ákvörðun að kalla ekki út vigtarmann þar sem það hefði tekið hann fjóra klukkutíma að koma niður á höfn og með því hafi málsaðili jafnframt sparað Faxaflóahöfnum umtalsverða fjármuni. Í athugasemdum sínum dró málsaðili það í efa að löndun væri í raun lokið þegar afla er haldið lifandi í rennandi sjó eftir að hafa verið hífður upp á bryggju.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 er skylt að vigta allan afla á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 er skipstjóra skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega og ber jafnframt að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Í 2. gr. reglugerðar nr. 745/2016 segir að skipstjóri fiskiskips beri ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Skipstjóri í umrætt sinn lét hvorki sjálfur vega aflann né fól öðrum að sjá svo til um að það væri gert. Með háttsemi sinni braut hann gegn þeirri fortakslausu skyldu sem tilvitnuð ákvæði mæla fyrir um. Fram hefur komið í málinu að löndun fór fram eftir að hafnarvog hafði verið lokað kl. 22:00 og bakvakt tekin við. Skipstjóra átti að hafa verið kunnugt um þetta fyrirkomulag enda hefur hann unnið við þessi störf í mörg ár og kunnugur fyrirkomulagi og staðháttum viðkomandi hafnar. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 6. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 teljast fullframin hvort sem það er fyrir ásetning eða gáleysi sbr. 23. gr. sömu laga. Því breytir engu þó svo til hafi staðið að fara síðar með aflann á vigt.

Málsbætur og skýringar málsaðila um samstarfs örðugleika við vigtarmenn og þann tíma sem það hefði hugsanlega tekið löggiltan vigtarmann að koma niður á höfn við löndun verða ekki teknar til greina. Löggiltir vigtarmenn Faxaflóahafna eru opinberir starfsmenn og í 14. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996 er lögfest krafa um vammleysi til handa starfsmönnum ríkisins, þar sem m.a. er kveðið á um skyldu opinberra starfsmanna til að rækja starf sitt af alúð. Vanræki þeir starfsskyldur sínar þá getur það leitt til áminninga og uppsagnar. Þá geta skipstjórar óskað eftir aðstoð Fiskistofu eða lögreglu, vanræki löggiltur vigtarmaður starfsskyldur sínar. Á þetta reyndi ekki í málinu þar sem málsaðili lét hjá líða að kalla til vigtarmann eins og honum bar að gera lögum samkvæmt. Þá voru aðstæður ekki með þeim hætti að heimil væri vigtun með öðrum hætti en kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016. Skýringar málsaðila um að hann hafi með ákvörðun sinni, um að kalla ekki út löggiltan vigtarmann, sparað Faxaflóahöfnum fjármuni, er málinu óviðkomandi. Hvað varðar vangaveltur málsaðila, um hvort löndun sé í raun lokið sé afli enn lifandi eftir að hafa verið hífður upp á bryggju, fellst Fiskistofa ekki á þau rök. Samkvæmt almenntri málvenju felst í löndun afla að setja hann á land, þ.e. sú aðgerð þegar afli er færður úr skipi á land. Þá er ástand

afla því óviðkomandi hvort honum telst vera landað eða ekki í skilningi 6. gr. laga nr. 57/1996. Hvort afla sé haldið lifandi eða ekki breytir þar engu um. Af þeim sökum var löndun þess afla (lifandi krabbi), sem kom í veiðarfæri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367) í umræddri veiðiferð, lokið þegar hann hafði verið fluttur upp á land.

Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, játningu málsaðila og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að skipstjóri fiskiskipsins Emilía AK-57 (2367), hafi brotið gegn 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 745/2016, með því að hafa ekki vegið afla sem kom í veiðarfæri fiskiskipsins umræddan dag inna tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Umræddar reglur leggja þær skyldur á skipstjóra að gæta þess að allur fiskur sem kemur í veiðarfæri fiskiskips skili sér í land og sé veginn á hafnarvog innan tilskilins tíma.

Háttsemi skipstjóra Emilía AK-57 (2367) er talin varða við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 745/2016

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér sparnað útgjalda fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, við að kalla út löggiltan vigtarmann utan hefðbundins vinnutíma og komist þar með hjá viðbótar vigtargjaldi skv. gjaldskrá Faxaflóahafna sf.¹ Þó hefur ekki verið um mikinn sparnað útgjalda að ræða með hliðsjón af fjárhæð slíks gjalds. Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Ákvæði 6. og 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæði reglugerðar nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla, eru skýr og fortakslaus hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra á því að afli skips sé veginn samkvæmt ákvæðunum. Sú áhersla sem löggjafinn leggur á þetta kemur fram í texta ákvæðanna og lögskýringagögnum. Þar eru m.a. nefndir þeir ríku almannahagsmunir sem eru fólgnir í því að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvað tekið sé úr auðlindum sjávar við landið, svo vísindamenn geti áætlað stofnstærð og tryggt hámarksafrakstur nytjastofna við landið. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Lögskýringagögn gefa til kynna að löggjafinn álíti brot gegn ákvæðum þessum alvarlegum augum enda sé með skýrum hætti kveðið á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila í lögunum, sem að vigtun sjávarafla koma.



Í málinu liggur fyrir að skipstjóri Emilía AK-57 (2367) hafi látið það undir höfuð liggja að vigta afla þá þegar eftir að hann lagðist að bryggju 22. september 2022. Hafi honum borið að gera svo innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Þess í stað tók hann meðvitaða ákvörðun um að gera það ekki. Ekkert í gögnum málsins bendir þó til þess að skipstjóri hafi í umrætt skipti haft ásetning til framhjá löndunar, heldur einungis að hann hafi vanrækt skyldu sína til að sjá til þess að aflinn væri veginn innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Skýringar málsaðila hafa verið raktar hér að framan og verða ekki teknar til greina.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra umrætt skipti og til þeirrar staðreyndar að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/1996. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar og vigtun afla sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Þá hefur málsatvikum ekki verið mótmælt af málsaðila og hann gengist við broti skipstjóra umræddan dag í athugasemdum sínum frá 7. desember 2022. Þá hefur verið rakið að Fiskistofa hefur áður leiðbeint málsaðila á vettvangi um að vigta þurfi allan afla strax í kjölfar löndunar. Af þeim sökum er ljóst að skipstjóri hafi verið grandsamur um gildandi reglur í umrætt sinn. Þrátt fyrir það hafi skipstjóri af beinum ásetningi brotið gegn þeim ákvæðum laga nr. 57/1996 og reglugerðar nr. 745/2016 sem tilgreind hafa verið hér að framan. Að mati Fiskistofu hafi ekkert verið því til fyrirstöðu fyrir skipstjóra að kalla til löggiltan vigtarmann innan tveggja klukkustunda frá því löndun lauk. Að skipstjóri hafi látið það undir höfuð liggja að kalla til vigtarmann af þeirri ástæðu einni að til staðar séu samskipta örðugleikar eða óvelvild milli þeirra, er óafsakanlegt. Brotið hafi því verið ámælisvert með hliðsjón af þessum aðstæðum sem juku mjög á saknæmi brotsins.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Að mati Fiskistofu, með hliðsjón af því sem að framan er rakið, er um ásetningsbrot skipstjóra að ræða og brotið því ámælisvert þó þau teljist ekki meiriháttar, sé litið til þess að um einstakt tilvik er að ræða. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Af þeim sökum og á grundvelli þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í eina viku.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Emilía AK-57, skipaskrárnúmer 2367, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7 dagar) frá og með 15. mars. 2023 og til og með 22. mars 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota gegn 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. sömu laga og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða á kröbbum skv. 5. gr. reglugerðar um veiðar á kröbbum nr. 1160/2021. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakinn er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

